

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

## SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993

### VEGNA LAGNINGAR SEYÐISFJARÐARVEGAR YFIR EYVINDARÁ OG FRÁ BORGARFJARÐARVEGI UPP Í LÖNGUHLÍÐ

### NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

#### 1. INNGANGUR

Með vísun til 7. greinar laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, var fyrirhuguð lagning Seyðisfjarðarvegur, yfir Eyvindará og frá Borgarfjarðarvegi upp í Lönguhlíð tilkynnt til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, með bréfi dagsettu 11. maí 1995.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Markmið framkvæmdarinnar:** Að bæta vegasamband á Héraði, norður frá Egilsstöðum, austan Lagarflióts til Borgarfjarðar eystra og Seyðisfjarðar.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Annars vegar bygging 90 m langrar brúar á Eyvindarárgili um 50 m neðan við núverandi brú ásamt fyllingum að henni. Hins vegar lagning 3,2 km vegar á Seyðisfjarðarvegi, frá Borgarfjarðarvegamótum (stöð 1200) upp í Lönguhlíð (stöð 4400), ásamt 0,5 km vegtengingum að bænum Steinholti.

**Frumathugun:** Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 11. maí 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var formlega móttækin til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi dagsettu 12. maí 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 19. maí 1995 og birtist auglýsingin í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og fréttablaðinu Á skjánum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 19. maí til 26. júní 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík og bæjarskrifstofunum Lyngási 12, Egilsstöðum. Tvær athugasemdir bárust á kynningartímanum. Leitað var umsagnar fimm opinberra umsagnaraðila, Bæjarstjórnar Egilsstaða, Náttúruverndarráðs, Rafmagnsveitna ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

- 1. Frummatsskýrsla:** Seyðisfjarðarvegur um Eyvindará og Borgarfjarðarvegur - Langahlíð, kynning framkvæmda og frummat. Vegagerðin 1995.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **bæjarstjórnar Egilsstaða** með bréfi dagsettu 15. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 22. júní 1995, þar sem er eftirfarandi bókun, samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur, frá fundi bæjarstjórnar 6. júní 1995:

„Komið hefur í ljós, með nýlega framlögðum gögnum, að undirbúningsvinnu bæjaryfirvalda og annarra opinberra aðila er ekki lokið samkvæmt lögum og reglugerðum um framkvæmdir og umhverfismat, sbr. lög nr. 63/1993. Þess vegna fer bæjarstjórn Egilsstaðabæjar þess hér með á leit við skipulagsstjóra ríkisins að með vísan til 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fari fram frekara mat á umhverfisáhrifum nýrrar brúar á Eyvindará. Þar verði fullt tillit tekið til þeirra valkosta sem til umfjöllunar hafa verið, þ.e. til núverandi fyrirhugaðs brúarstæðis og brúarstæðis við Melshorn.

*Greinargerð:* Margvísleg rök hafa komið fram sem mæla með og móti þessum tveimur valkostum um staðsetningu nýrrar brúar, það þykir því eðlilegt að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með formlegum hætti. Ákvörðun um staðsetningu brúar hefur víðtæk áhrif til lengri framtíðar á skipulag og uppbyggingu atvinnulífs bæjarins.

Þar kemur einnig eftirfarandi fram úr fundargerð umhverfisnefndar frá 12. júní 1995:

„Umfjöllunin er skipt í tvennt A) Borgarfjarðarveg - Langahlíð og B) tveir valkostir á brú yfir Eyvindará.

- A) Nefndin gerir enga athugasemd við vegstæði en varðandi efnistöku er bent á að hlífa þurfi námu E í Langamel eins og bent er á í skýrslu Einars Þórarinssonar. Í öllum tilfellum þarf að tryggja tímanlega ný vatnsból ef núverandi vatnsból spillast.
- B) Nefndin tekur undir álit Einars Þórarinssonar varðandi staðsetningu brúar eins og það kemur fram í skýrslu hans: "að mínu mati mun staðsetning brúar á þessum stað (við Melshorn) valda minni umhverfislegum áhrifum en þar sem áður var fyrirhugað í námunda við núverandi brú á gili Eyvindará. Eyvindarárgil er fögur náttúrusmíð og á náttúruminjaskrá ásamt skóglendinu umhverfis. Svæðið allt er mikilvægt útivistarsvæði við bæjardyr Egilsstaða og því mun staðsetning brúar í gili og umferðaræð sem slítur þéttbýlið frá útivistarsvæðinu valda þar ákveðnum truflunum". Umhverfisvernd telur að við frekara mat á umhverfisáhrifum þurfi að kanna til hlítar áhrif framkvæmdanna á núverandi vatnsból Egilsstaða- og Fellabæjar."

Eftirfarandi bókun Skipulags- og byggingarráðs frá 15. júní 1995 var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu:

„Varðandi skýrslur og greinargerðir VR sem til umfjöllunar hafa verið að undanfögnu vill SBR. taka eftirfarandi fram:

- A) Ráðið sér ekki þörf á frekara umhverfismati vegna vegarins frá Borgarfjarðarvegi upp í Lönguhlíð.
- B) Við endanlegt umhverfismat brúarstæða á Eyvindará telur ráðið að sérstaklega þurfi að leggja áherslu á að meta áhrif nýrrar brúar við Melshorn á afkomu þjónustu- og verslunaraðila við Miðás og Fagradalsbraut og hugsanleg áhrif á vatnsból á Egilsstaðanesi.
- C) Að VR hafi samráð við SBR um val á hugsanlegri veglínu að brú við Melshorn með það fyrir augum að minnka sem mest tjón á ræktuðu landi og þörf á uppfyllingum við Uppsalaá.
- D) Að fyrirhuguð brú á Eyvindará á efra brúarstæði verði hugsuð þannig að hún falli sem best að umhverfi og minkandi umferðarhraða, þessu mætti t.d. ná með því að lækka brú í landi frá því sem nú er fyrirhugað.
- E) Að öðru leyti vísar nefndin til greinargerðar um kosti og galla nýs brúarstæðis á Eyvindará um Melshorn, sem samþykkt var af SBR þann 13/10 1994."

Umsögnin var send Vegagerðinni með símbréfi dagsettu 26. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 15. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 22. júní 1995, þar sem segir um framkvæmdina:

„Náttúruverndarráð samþykkti á fundi sínum þann 9. júní sl. að gera ekki athugasemdir við veglínuna. Þó ber að gæta varúðar við framkvæmdir og taka tillit til jöklurákaðra hvalbaka í nágrenni Uppsalaár. Gróðurfur svæðisins sem undir veginn fer hefur ekki verið athugað sérstaklega, en drjúgur hluti þess eru mýrar sem hafa verið framræstar. Náttúruverndarráð telur að rétt sé að skoða svæðið sérstaklega m.t.t. gróðurfars ef gerð verður veruleg breyting á votlendi landsvæðisins með veginum.

Vegna jarðefnisnáms vill Náttúruverndarráð gera eftirtaldar athugasemdir; Langimelur eru náttúrumenjar sem ástæða er að vernda. Í skýrslu Vegagerðarinnar er greint frá því, að áætlað er að taka um 30.000-35.000 m<sup>3</sup> af malarefni úr námunni við Langamel. Gera má því ráð fyrir að jarðmyndanir við Langamel hverfi. Náttúruverndarráð leggur til að jarðefnisvinnsla úr Langamel verði takmörkuð við innsta hluta hans, þannig að ytri hluti jarðmyndananna haldist óraskaður. Lagt er til að samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi varðandi umfang efnisnáms úr Langamel."

Umsögnin var send Vegagerðinni með símbréfi dagsettu 22. júní 1995. Með bréfinu var óskað álits Vegagerðarinnar á tillögu Náttúruverndarráðs um takmörkun á efnistöku úr Langamel og hvernig efnisþörf yrði leyst, verði farið að tillögu ráðsins.

Bréf barst frá **Vegagerðinni** dagsett 3. júlí 1995, varðandi efnistöku úr Langamel vegna framkvæmda á Seyðisfjarðarvegi, þar sem segir:

„Vísað í bréf Náttúruverndarráðs dags. 22. júní 95 og símbréf Skipulags ríkisins dags. 23. júní 95, um ofangreint efni.

Í útboðsgögnum Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að í Langamel, sem er um 400 m langur, verði efnistaka úr innstu 300 m og að ystu 100 m skildir eftir óhreyfðir.

Minni efnistaka úr Langamel leiðir til meiri efnistöku úr eyrum Miðhúsaár (náma C) og/eða Mýnesnámu (náma A), með tilheyrandi auknum kostnaði.

Að höfðu samráði við Einar Þórarinsson fulltrúa Náttúruverndarráðs, símleiðis í dag, er lagt til að eftir að efnistaka hefst úr Langamel, og betur verður séð um hverskonar efni og jarðmyndun er að ræða, verði skoðað hvort ástæða er til að vernda stærri hluta hans."

Umsögn Vegagerðarinnar var send með símbréfi til Náttúruverndarráðs 6. júlí 1995.

Leitað var umsagnar **Rafmagnsveitna ríkisins** með bréfi dagsettu 15. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 18. maí 1995, þar sem segir:

„Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið kynnt viðkomandi framkvæmd og þær hafa engar athugasemdir um framkvæmdina sjálfa.

Hinsvegar kemur ekki fram í skýrslu Vegagerðarinnar hvernig aðkoma að aðveitustöð í landi Eyvindarár verði háttáð eftir breytinguna á vegi og æskilegt er að fá upplýsingar um það atriði.

Hugmyndir um skipti á landi eins og fram kemur í kafla 2 eru ásættanlegar og þyrftu að vera frágengnar áður en verkið er hafið."

Umsögnin var send Vegagerðinni með bréfi dagsettu 22. maí 1995. Í bréfinu var bent á þau atriði sem RARIK taldi ófrágengin og bent á mikilvægi þess að frá þeim væri gengið sem fyrst.

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 15. maí 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 7. júní 1995, þar sem segir:

„Á grundvelli skýrslunnar telur Hollustuvernd ríkisins líklegt að framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa hættu af loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun eða mengun frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Getið er um vatnsból RARIKS og Steinholts og greint frá að þau verði flutt verði þess talið þörf í eyrar við Miðhúsaá. Hafa skal samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um vatnsbólin. Besta lausnin er að nýta betur eldri námur og hlífa Langamel við malartöku og um leið losna við að flytja vatnsbólin.

Í ágætri samantektöflu er greint frá áætlaðri umferð um veginn og umferðarhraða. Ekki er lagt mat á hávaða- eða loftmengun frá umferðinni en út frá umferðartölum og loftmynd af

áætluðu vegarstæði má ætla að áhrifin verði ekki teljandi, miðað við núverandi landnotkun. Vakin er athygli á að umferðarhávaði frá Þjóðvegum takmarkar mögulega landnotkun, til dæmis samarhúsabyggð. Veghelgun vegna umferðarhávaða gæti verið 500 m (250 frá miðju)."

Umsögnin var send Vegagerðinni með símbréfi dagsettu 4. júlí 1995.

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 15. maí 1995 og barst umsögn í bréfi, dagsettu 24. maí 1995, þar sem segir:

„Ganga verður úr skugga um hvort þær rústir sem Guðrún Kristinsdóttir forstöðumaður Safnastofnunar Austurlands nefnir í bréfi sínu til Vegagerðarinnar þ. 10. mars 1995, eru í raun í hættu. Ef svo er, verður að taka afstöðu til þess hvort þær beri að rannsaka. Ekki getur talist nóg að teikna rústirnar ef þær spillast við vegagerð og er það ekki í samræmi við þjóðminjalög. Ef vegsstæðið yrði flutt er hugsanlega hægt að komast hjá riski á fornleifunum.“

Umsögnin var send Vegagerðinni, með símbréfi dagsettu 26. maí 1995. Í bréfinu var vakin athygli á að ganga þurfi úr skugga um hvort fornleifar eru í hættu vegna framkvæmdarinnar og að athugasemd Þjóðminjasafnsins kunní að verða gerð að skilyrði í úrskurði hafi henni ekki verið svarað.

**Vegagerðin** sendi svar með bréfi, dagsettu 19. júní 1995, þar sem segir:

„Eins og kemur fram í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar eru engar upplýsingar sem benda til þess að tóttir og/eða minjar séu í hættu vegna framkvæmdanna, einnig að þær verða meðhöndlaðar í samráði við Safnastofnun Austurlands og Þjóðminjasafnið, þ.a.l. í samræmi við þjóðminjalög.“

Guðrún Kristinsdóttir frá Safnastofnun Austurlands hefur kannað að hluta þetta svæði nú í vor vegna umhverfismats RARIK á raflínu yfir Fjarðarheiði. Óskað hefur verið eftir frekari vinnslu og skriflegri staðfestingu á hvort viðkomandi rústir séu raunverulega í hættu vegna vegagerðarinnar.“

Svarið var sent til Þjóðminjasafnsins með símbréfi dagsettu 4. júlí 1995.

Bréf barst frá **Vegagerðinni** þann 7. júlí 1995 frá Safnastofnun Austurlands um tóttir og minjar á svæðinu. Í bréfi **Safnastofnunar Austurlands**, skrifað af Guðrúnu Kristinsdóttur segir m.a.:

„Um Seyðisfjarðarveg, nýja brú á Eyvindará rétt neðan við núverandi brú.“

Þann 27. júní var gengið eftir svæði því sem ný brú á Eyvindará rétt neðan við núverandi brú, og aðliggjandi vegur, myndi koma ef af verður. Brúin kæmi í höfða sem skagar út í ána að austanverðu (Úthéraðsmegin).

...Utan til í höfðanum eru slóðir sem liggja frá Eyvindaránni upp að Seyðisfjarðarvegi. Fleiri slóðir liggja upp frá ánni utar. Slóðirnar eru frá þeim tíma er vaðið á Eyvindará var notað (Ranavað) fyrir daga vegagerðar. Slóðirnar eru einungis sem kindagötur að sjá en hvorki upphlaðinn vegur, ræsi eða aðrar gamlar vegabætur. Þær eru þegar sundurslitnar af Seyðisfjarðarvegi. Þess vegna sýnist ekki ástæða til að gera athugasemd við áður nefndar framkvæmdir.

Á höfða þessum eru hins vegar tvær grafir, a.m.k. önnur líkist kolagröf. Önnur er á mótis við afleggjarann að Miðhúsum eða litlu sunnar, handan Seyðisfjarðarvegar og um 35-40 m frá veginum. Gröfin er í kvos, ferköntuð, um 1 m á kant að innan og um 40 cm djúp, grafín í kvosina en óvíst hvort veggir hafa verið hlaðnir umhverfis gröftinn. Gröfin er sinugróin og sker sig úr lyngmóunum umhverfis.

Hin gröfin er lengra úti á höfðanum, í suðvestur frá fyrstnefndu gröfinni og yfir klapparholt að fara. Gröfin er um 20 m norðan Seyðisfjarðarvegar mælt í beygjuna frá Eyvindarárbúnni ofarlega. Hún er sporöskjulaga, innanmál um 1,50 x 1,30 m. Dýpt 20 - 30 cm. Umhverfis er þúfnakrans. Gröfin er vaxin bláberjalyngi og sker sig lítt úr umhverfinu. ...Gröf þessi líkist mjög fjölda kolagrafa sem finna má á jörðunum þarna í kring og í næstu sveitum.

Báðar þessar grafir myndu afmást við lagningu vegar frá nýrri brú á Eyvindará á þessum stað.

Að svo stöddu er ekki hægt að ganga frá umhverfismati vegna nýrrar brúar á Eyvindará á þessum stað. Athugað verður hvort ástæða er til að fara fram á að vegurinn verði færður, eða hvort rannsaka skuli áður nefndar grafir með fornleifauppgreiftri áður en til vegalagningar kemur.

„Um Seyðisfjarðarveg um Eyvindará og frá Borgarfjarðarvegi upp í Lönguhlíð. Vísast til fyrra bréfs míns um sama frá 10. mars 1995.“

...Skoðað var svæðið frá Eyvindará að Borgarfjarðarvegi. Næst ánni er malarnám, þá sléttað túnið á Eyvindará hér um bil upp að Miðhúsaá og þaðan móar upp að Borgarfjarðarvegi. Á þessari leið eru engar fornleifar sjáanlegar. Stekkjartótt sú sem sagt er að hafi verið í hvammi við Eyvindará fannst ekki og er a.m.k. ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Í túninu á Eyvindará eru tveir friðlýstir staðir (friðlýsingarskjal frá 25. október 1930). Báðir staðirnir eru töluvert fyrir norðan fyrirhugað vegarstæði og verða ekki fyrir raski."

Svæðið frá Borgarfjarðarvegi upp í Lönguhlíð, Grásteinsel, Grásteinn og tóttin milli Seyðisfjarðarvegar og Miðhúsaár eru ekki í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Varast þarf að fara of nálægt Grásteinseli með malarnám.

Svohljóðandi umsögn barst frá **Vegagerðinni** með símbréfi þann 10. júlí 1995:

„Óvissa er vegna ákvarðanatöku um staðsetningu nýrrar brúar á Eyvindará í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar Egilsstaða þann 6. júní 1995, um að fram fari „frekara mat á umhverfisáhrifum nýrrar brúar á Eyvindará.“ Það er mat Vegagerðarinnar, að til þess að hægt verði að ráðast í framkvæmdir á greindum [svo] kafla **Borgarfjarðarvegur - Langahlíð**, eins og ráðgert er samkvæmt vegáætlun, þurfi að gera eftirfarandi (sjá meðfylgjandi kort):

1. Hliðra mældri veglínu um 0 - 30 m frá Borgarfjarðarvegamótum (st. 1200) og upp fyrir afleggjara í Steinholt (st. 2400), til þess að hægt sé að velja hvora línu sem er háð staðsetningu brúar á Eyvindará. Skerðing á lóð Rarik verður mun minni en ella.
2. Leggja 500 m langan bráðabirgðaveg eftir Melshornslínu frá Borgarfjarðarvegi að stöð 1800 á móts við spennistöð og lagfæra núverandi vegamót Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar, fremur en að leggja bráðabirgðaveg frá núverandi vegmótum Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar sem krefst breytinga á raflínum, jarðsíma og ljósleiðara auk þess að kljúfa land Miðhúsa illa.

Bæjarráð Egilsstaðarbæjar mun væntanlega taka ofangreindar tillögur til umfjöllunar á fundi sínum næstkomandi þriðjudag. Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur hefur skoðað svæðið sem breytingarnar ná til án sérstakra athugasemda og landeigendur hafa veitt samþykki sitt, samanber hjálögð bréf."

Umsögn Vegagerðarinnar var send bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar til umsagnar með símbréfi þann 14. júlí 1995.

**Bæjarstjórn Egilsstaðarbæjar** samþykkir ofangreinda tillögur Vegagerðarinnar að bráðabirgðartengingu Seyðisfjarðarvegar við Úthéraðsveg í bréfi til embættis skipulagsstjóra ríkisins dagsettu 12. júlí 1995.

**Bæjarstjóri og byggingarfulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar** segja m.a. í bréfi til embættis skipulagsstjóra ríkisins í bréfi dagsettu 14. júlí 1995, vegna fyrrgreindrar tillögu Vegagerðarinnar: „Ekki verður séð að ástæða sé til þess að hálfu kaupstaðarins að gera sérstakar athugasemdir af þessu tilefni.“

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Athugasemdir bárust frá **Hjálmar A. Jóelssyni** með bréfi, dagsettu 22. júní 1995 þar sem segir:

„Í álitum Sveins Sveinssonar frá 8.5.95 um "Seyðisfjarðarveg um Eyvindará og Borgarfjarðarveg-Langahlíð" kemur fram að fulltrúi Náttúruverndarráðs telur æskilegra, út frá náttúruverndarsjónarmiði, að brúa Eyvindará við Melshorn. Undir það sjónarmið tekur Umhverfisnefnd Egilsstaðabæjar samhljóða á fundi sínum 12.6.95, samanber bókun í fundargerð [innskot Skipulags ríkisins, sjá umsögn umhverfisnefndar 12.6.95]. Undirritaður, formaður nefndarinnar, var fjarverandi á fundinum, vegna sumarleyfa, en ég vil lýsa yfir samþykki mínu við sjónarmið Umhverfisnefndar Egilsstaðabæjar og Náttúruverndarráðs.

Í álitum Sveins Sveinssonar er vísað í skýrslu, sem gerð var vorið 95 að beiðni Egilsstaðabæjar, um veg og brú um Melshorn. Þar kemur fram að verði brúað við Melshorn, opnast nýir landnýtingarmöguleikar fyrir Egilsstaðabæ, vegakerfið verður greinarbetta og vegalengdir stytast fyrir vegfarendur. Þetta eru ómetanlegir kostir frá umhverfissjónarmiði. Nýir landnýtingarkostir opna möguleika á endurnýjuðu skipulagi vegna íbúðabygðar og atvinnustarfsemi af ýmsu tagi t.d. plássfrekar iðnaðar- og þjónustustarfsemi. Dreifðari umferð og styttri vegalengdir hljóta að auka umferðaröryggi og auðvelda umferð um svæðið, einnig vetrarumferð til Seyðisfjarðar.

Frá sjónarmiði umhverfis og mengunarmála er óskilegt að þjóðvegur liggi gegnum þéttbýli. Von mín er sú að í framtíðinni verði enginn þjóðvegur þvert í gegnum Egilsstaðabæ, heldur verði þeir lagðir í útjaðri bæjarins, sé þess nokkur kostur."

Athugasemdin var send Vegagerðinni með símbréfi 26. júní 1995.

Athugasemd barst frá **Erlu Salómons dóttur, Helgu Jónu Þorkelsdóttur, Sveini Herjólfssyni, Vali Ingvassyni, Eiríki Þorbjarnarsyni, Stefáni A. Pálssyni og Sveini Jónssyni**, með bréfi dagsettu 9. júní 1995 þar sem segir:

„Undirritaðir vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna auglýsingar um umhverfismat.

#### 1. Seyðisfjarðarvegur:

Með lagningu nýs vegar frá mótum Borgarfjarðarvegur og upp í Lönguhlíð eru ótvíræðir kostir:

- Til verður nýr uppbyggður vegur, væntanlega snjóléttur.
- Af leggjast slæmar blindhæðir og halli verður minni.
- Landeigendur hafa eftir því er best er vitað ekki gert athugasemdir við vegarlagninguna.

Teljum við því ekkert til fyrirstöðu því að veitt verði leyfi til framkvæmda enda verði gætt allrar forsjár við efnistöku og frágang þeirra svæða, sem hróflað verður við.

Með byggingu nýrrar brúar við núverandi brú verða hins vegar ýmsir ókostir:

- Umferðarhraði mun stórukast og valda aukinni slyshættu og hindra æskilegan og eðlilegan samruna byggðar og útivistarsvæðis.
- Hæðarlega núverandi vegar er til trafala eðlilegri nýtingu svæðisins og tengingu mögulegrar byggðar ofan vegarins.
- Ný brú mun spilla sérstæðri náttúrufegurð Eyvindarárgils, sem er á náttúru-minjaskrá.

#### 2. Ný brú á Eyvindará.

Aðalskipulag var á síðasta ári samþykkt í bæjarstjórn með fyrirvara um staðsetningu nýrrar brúar á Eyvindará. Meirihluti bæjarstjórnar hefur óskað eftir því að fram fari umhverfismat, sem taki fullt mið af báðum fyrirliggjandi valkostum. Samhliða því kann að vera nauðsynlegt að taka til endurskoðunar gildandi aðalskipulag. Sérstakt mat þarf að leggja á efnisnám á eyrum Eyvindarár og í túni Eyvindarárbæjarins með tilliti til þess að það skerði ekki mögulega nýtingu til byggingar.

Kosti brúar við Melshorn teljum við nokkra helsta eftirfarandi:

- Aukið svigrúm til þróunar atvinnusvæðanna að þungamiðju þeirra vegamóta, sem Egilsstaðir hafa byggst út frá, þ.e. brú yfir Lagarfljót og vegamót Mið-Austurlands, Egilsstaðaflugvöll.
- Mögulega tilfærslu nokkurrar þeirrar plássfreku starfsemi, sem nú er á Miðási og þannig aukið svigrúm fyrir aðra verslunar- og þjónustutengda.
- Atvinnufyrirtæki yrðu styrkt á Miðási og við Fagradalsbraut með þéttingu byggðar.

- Tvær brýr á Eyvindará í stað einnar, betri nýting fjárfestingar og arðsamari kostur.
- Dreifðari og greiðari umferð í og við bæinn.

Bent hefur verið á nokkra ókosti, sem rétt er að geta:

- Skert yrði land, sem í dag er nýtt til landbúnaðar og æskilegt að það verði sem minnst.
- Miðhús fjarlægjast þjóðveg en aðkoma yrði löguð með nýjum vegi og bættum merkingum.
- Umferð yrði að nokkru beint af Fagradalsbraut og því frá hugsanlegum viðskiptum, því verði mætt með bættum merkingum.
- Núverandi vatnsbólur yrði ógnað, en þegar munu uppi áform um tilfærslu.

Undirritaðir vænta þess að framansögðu, að orðið verði við óskum um frekara umhverfismat."

Bréfið var einnig sent Vegagerðinni.

Allar athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

## 4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

### NÝ BRÚ Á EYVINDARÁ

#### Staðsetning brúar

Bæjarstjórn Egilsstaða segir að ákvörðun um staðsetningu brúar á Eyvindará muni hafa víðtæk áhrif til lengri tíma á skipulag og uppbyggingu atvinnulífs bæjarins. Bæjarstjórnin fer fram á að metin séu frekar umhverfisáhrif nýrrar brúar á Eyvindará. Í frekara mati verði tekið tillit til þeirra kosta sem verið hafa til umfjöllunar þ.e til núverandi fyrirhugaðs brúarstæðis og brúarstæðis við Melshorn. Undir þetta taka álit bæjarstjórnar taka Hjálmar A. Jólsson, Erla Salómonsdóttir, Helga Jóna Þorkelsdóttir, Sveinn Herjólfsson, Valur Ingvarsson, Eiríkur Þorbjarnarson, Stefán A. Pálsson og Sveinn Jónsson í sínum athugasemdum.

#### Fornleifar

Guðrún Kristinsdóttir fyrir hönd Safnastofnunar Austurlands gerir ekki athugasemdir vegna slóða sem liggja frá Eyvindaráni upp að Seyðisfjarðarvegi. Hins vegar bendir hún á tvær grafir á höfða sem skagar út í Eyvindará að austanverðu og liggja undir fyrirhuguðu brúarstæði á Eyvindará. Báðar þessar grafir myndu afmást við lagningu vegar frá nýrri brú á Eyvindará á þessum stað. Því telur Guðrún að kanna verði hvort ástæða sé til að fara fram á að fyrirhugaður vegur verði færður, eða hvort rannsaka skuli áður nefndar grafir með fornleifauppgreiftri áður en til vegarlagningar komi.

#### Niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins vegna staðsetningar brúar á Eyvindará

Skipulagsstjóri ríkisins tekur undir þau tilmæli bæjarstjórnar Egilsstaða og fleiri, að metin séu frekar umhverfisáhrif nýrrar brúar á Eyvindará. Við frekara mat á umhverfisáhrifum þarf að bera saman annars vegar fyrirhugað brúarstæði við Eyvindará og hins vegar brúarstæði yfir ána við Melshorn. Við matið þarf meðal annars að fjalla um atriði sem fram hafa komið í umsögnum og athugasemdum við núverandi frumathugun og vitnað er í hér að framan.

### SEYÐISFJARÐARVEGUR FRÁ BORGARFJARÐARVEGAMÓTUM UPP Í LÖNGUHLÍÐ

#### Vegarstæði

Vegna óska um frekara mat á brúarstæði yfir Eyvindará, leggur Vegagerðin til eftirfarandi breytingar við fyrirhugaða vegarlagningu Seyðisfjarðarvegar frá Borgarfjarðarvegumótum upp í Lönguhlíð, frá því sem hún var kynnt í matsskýrslu, að:

1. Hliðra mældri veglínu um 0 - 30 m frá Borgarfjarðarvegumótum (st. 1200) og upp fyrir afleggjara í Steinholt (st. 2400), til þess að hægt sé að velja hvora línu sem er háð staðsetningu brúar á Eyvindará. Skerðing á lóð Rarik verður mun minni en ella.
2. Leggja 500 m langan bráðabirgðaveg eftir Melshornslínu frá Borgarfjarðarvegi [innskot Skipulags ríkisins, 340 til 350 m norðan við núverandi vegamót Seyðisfjarðar- og Borgarfjarðarvegar, á Borgarfjarðarvegi] að stöð 1800 á mótis við spennistöð og lagfæra núverandi vegamót Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar, fremur en að leggja

bráðabirgðaveg frá núverandi vegmótum Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar sem krefst breytinga á raflínunum, jarðsíma og ljósleiðara auk þess að kljúfa land Miðhúsa illa.

Undir þessa tillögu taka bæjarstjórnir Egilsstaða og Seyðisfjarðarkaupstaðar í sínum umsögnum.



**Jarðefnisnám**

Náttúruverndarráð og umhverfisnefnd Egilsstaða, telja Langamel vera náttúruvinjar sem ástæða sé til að vernda. Leggur Náttúruverndarráð til að jarðefnisvinnsla úr Langamel verði takmörkuð við innsta hluta hans, þannig að ytri hluti jarðmyndanna haldist óraskaður. Vegagerðin gerir ráð fyrir því að taka efni úr innstu 300 m og að ystu 100 m verði skildir eftir óhreyfðir. Að höfðu samráði við Einar Þórarinnsson eftirlitsmann Náttúruverndarráðs leggur Vegagerðin til að eftir að efnistaka hefjist úr Langamel og betur verði séð hvers konar efni og jarðmundun sé um að ræða, verði skoðað hvort ástæða sé til að vernda stærri hluta hans.

**Jökulrákuð hvalbök**

Náttúruverndarráð bendir á að gæta beri varúðar við allar framkvæmdir og taka tillit til jökulrákaðra hvalbaka í nágrenni Uppsalaár.

**Gróðurfar**

Náttúruverndarráð telur að rétt sé að skoða það svæði nánar sem fer undir vegarstæði með tilliti til gróðurfars ef gerð verður veruleg breyting á votlendi svæðisins.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Vegagerðinni þá stendur ekki til að grafa framræsluskurði meðfram vegarstæðinu.

**Vatnsból**

Hollustuvernd ríkisins bendir á að hafa þurfi samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um vatnsból sem framkvæmdin kunni að hafa áhrif á.

**Fornleifar**

Samkvæmt álit Guðrúnar Kristinsdóttur eru engar fornleifar í hættu við þessa vegarlagningu, en varast beri að fara of nálægt Grásteinselli með malarnám.

**Mynd af Seyðisfjarðarvegi frá Borgarfjarðarvegi upp Lönguhlíð. Mælikvarði 1:5 000.**

### **Niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins vegna lagningar Seyðisfjarðarvegur að Borgarfjarðarvegi**

Skipulagsstjóri ríkisins tekur undir tillögu Vegagerðarinnar hvað varðar breytingu á upphaflegri framkvæmd frá því hún var kynnt í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar, og heimilar því eftirtalda framkvæmd á Seyðisfjarðarvegi:

Lagningu vegar frá stöð 4400 upp í Lönguhlíð til stöðvar 2400. Að mældri veglínu sé hliðrað um 0 - 30 m milli stöðva 2400 og 1800 og að 500 m langur bráðabirgðavegur sé lagður eftir Melshornlínu frá stöð 1800 að Borgarfjarðarvegi 340 til 350 m norðan við núverandi vegamót Seyðisfjarðar- og Borgarfjarðarvegur. Ennfremur að núverandi vegamót Borgarfjarðarvegur og Seyðisfjarðarvegur séu lagfærð.

Skipulagsstjóri ríkisins tekur undir tillögur Einars Þórarinssonar og Vegagerðarinnar hvað varðar jarðefnisnám úr Langamel og leggur áherslu á að samráð verði haft við Náttúruverndarráð hvað varðar stærð efnistökusvæðis þar og farið að tilmælum Náttúruverndarráðs.

Skipulagsstjóri ríkisins tekur undir eftirfarandi ábendingar:

- Náttúruverndarráðs, um að gæta beri varúðar við framkvæmdir og taka tillit til jökulrákaðra hvalbaka í nágrenni Uppsalaár.
- Hollustuverndar ríkisins, um að hafa þurfi samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis vegna vatnsbóla sem framkvæmdin kunnir að hafa áhrif á.
- Guðrúnar Kristinsdóttur, um að varast beri að fara of nálægt Grásteinssemi með malarnám.

## **5. SKIPULAG**

Breyta þarf aðalskipulagi Egilsstaða skv. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Skipulagsstjóri ríkisins fer fram á að ráðist sé í frekara mat á umhverfisáhrifum nýrrar brúar á Eyvindará og sú framkvæmd síðan tilkynnt embætti skipulagsstjóra ríkisins til annarrar athugunar. Við frekara mat þarf að bera saman tvo kosti á brúarstæði, annars vegar fyrirhugað brúarstæði við Eyvindará og hins vegar brúarstæði yfir ána við Melshorn.

Skipulagsstjóri ríkisins heimilar lagningu Seyðisfjarðarvegar frá stöð 4400 upp í Lönguhlíð til stöðvar 2400. Að veglínu sé hliðrað um 0 - 30 m milli stöðva 2400 og 1800 og að 500 m langur bráðabirgðavegur sé lagður eftir Melshornlínu frá stöð 1800 að Borgarfjarðarvegi 340 til 350 m norðan við núverandi vegamót Seyðisfjarðar- og Borgarfjarðarvegar. Ennfremur að núverandi vegamót Borgarfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar séu lagfærð.

Efnistaka úr Langamel er eingöngu heimiluð að höfðu samráði við Náttúruverndarráð.

Skipulagsstjóri ríkisins tekur undir eftirfarandi ábendingar:

- Náttúruverndarráðs, um að gæta beri varúðar við framkvæmdir og taka tillit til jökulrákaðra hvalbaka í nágrenni Uppsalaár.
- Hollustuverndar ríkisins, um að hafa þurfi samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis vegna vatnsbóla sem framkvæmdin kundi að hafa áhrif á.
- Guðrúnar Kristinsdóttur, um að varast beri að fara of nálægt Grásteinsseli með malarnám.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleirar finnast við framkvæmdir.

## 7. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út þann 24. ágúst 1995.

Reykjavík 17. júlí 1995.

f.h. skipulagsstjóra  
Sigurður Thoroddsen

Halldóra Hreggviðsdóttir